

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 30. fundar
Reykjavík, 19. desember 2014

Föstudaginn 19. desember 2014 var haldinn þrítugasti fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Sóley Tómasdóttir	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Theodóra Þorsteinsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Áslaug Hulda Jónsdóttir	Garðabæ
Haraldur L. Haraldsson	Hafnarfirði
Kristján Sturluson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Adam B. Finnsson	Kjósarhreppi
Sigríður Björk Guðjónsdóttir	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Birgir Finnsson	Varaslökkviliðsstjóri

Áheyrnarfulltrúar voru Haukur Harðarson frá björgunarsveitum á svæði 1 og Magnús J. Magnússon frá Rauða krossinum.

Fundarstjóri: Dagur B. Eggertsson
Fundarritari: Birgir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 29. fundar AHS, 21. nóvember 2014.

Afgreiðsla: Fundargerð samþykkt.

2. Sviðsmynd II vegna Bárðarbungu, verkefni ríkislögreglustjóra

Á vegum embættis ríkislögreglustjóra hefur verið í gangi undirbúningsvinna við áætlanir og aðgerðir vegna sviðsmyndar II vegna jarðhræringanna í Bárðarbungu. Dóra Hjálmarsdóttir frá VERKÍS, verkefnastjóri verkefnisins, kynnti þá vinnu og helstu niðurstöður sem þegar liggja fyrir.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Sviðsmynd II og Orkuveita Reykjavíkur

Fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, þeir Eiríkur Hjálmarsson, Benedikt Einarsson og Reynir Guðjónsson, fóru yfir undirbúning og áætlanir OR vegna sviðsmyndar II.

Afgreiðsla: Kynning.

4. **Neyðarstjórnir sveitarfélagana**

Birgir Finnsson fór yfir störf vinnuhóps um neyðarstjórnir sveitarfélaganna. Öll sveitarfélögin eru búin að uppfæra nafnalista vegna neyðarstjórnanna. Áætlanir vegna heimsfaraldurs influensu standa eins og þær eru. Tillaga vinnuhópsins er að stjórnkaflinn um neyðarstjórnirnar verði gerður að sérstakri áætlun, sem gildi burtséð frá því hvaða vá eða atburð er um að ræða.

Afgreiðsla: Kynning. Samþykkt að vinnuhópurinn geri tillögu að sérstakri viðbragðs-áætlun um neyðarstjórnirnar.

5. **Óveður undanfarna daga**

Birgir Finnsson fór yfir aðgerðir við óveður sem hafa gengið yfir höfuðborgarsvæðið þann 30. nóvember, 8. desember og 16. desember. Um samhæfingu viðbragðsaðila var að ræða í öllum tilfellum, þ.e. lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga og björgunarsveita. Svæðisstjórn björgunarsveita kom saman í Björgunarmiðstöðinni í öllum tilfellum. Verklagsreglur um röskun á skólustarfi voru virkjaðar þriðjudaginn 16. desember og óskað eftir því að foreldrar/forsjáraðilar sæktu börn sín í skólana. Ýmis atriði komu upp sem draga má lærdóm af og verður boðað til fundar með fræðsluyfirvöldum sveitarfélaganna í byrjun næsta árs.

Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður föstudaginn 16. janúar kl. 08.00.

Fylgiskjöl, voru send rafrænt með fundarboði en ekki dreift á fundinum:

- Fundargerð 29. fundar AHS, 21. nóvember 2014.
- Greining á áhrifum flóða í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu, mikilvæg úrlausnarefni. Ríkislögreglustjóri í samvinnu við Viðlagatryggingu Íslands. 2. útgáfa 27.10.2014.